

## FUNDARGERÐ

232. stjórnarfundur Ríkisútvarpsins ohf.

haldinn í Efstaleiti 1, 103 Reykjavík, 17. september 2021 og hófst kl. 12:00.

Mætt voru stjórnarmennirnir Jóhanna Hreiðarsdóttir, Jón Ólafsson, Björn Ólafsson og Mörður Áslaugarson. Brynjólfur Stefánsson og Marta Guðrún Jóhannesdóttir sátu fundinn í gegnum fjarfundarbúnað. Ragnheiður Elín Árnadóttir, Mörður Árnason og Guðlaugur G. Sverrisson voru forfölluð. Einnig sátu fundinn Hrafnhildur Halldórsdóttir áheyrnarfulltrúi, Stefán Eiríksson útvarpsstjóri, Anna Bjarney Sigurðardóttir framkvæmdarstjóri fjármála, Bryndís Dagsdóttir forstöðumaður fjármála, Sveinn R. Reynisson endurskoðandi og Margrét Magnúsdóttir skrifstofustjóri sem ritaði fundargerð.

### 1) Árshlutareikningur samstæðu Ríkisútvarpsins ohf. 2021

Bryndís Dagsdóttir forstöðumaður fjármála kynnti árshlutareikning samstæðu Ríkisútvarpsins ohf. Hagnaður var af rekstri samstæðu Ríkisútvarpsins á fyrri hluta árs 2021 og nam 25,5 m.kr. Rekstrartekjur námu 3.391 m.kr. Auglýsingatekjur hækkðu um 162 m.kr. frá sama tíma og í fyrra en aðrar tekjur lækkuðu um 26 m.kr. og þjónustutekjur lækkuðu um 84,5 m.kr. frá sama tíma og í fyrra.

Rekstrargjöld námu 3.275 m.kr. Rekstrargjöld lækkuðu um 137,5 m.kr. þá aðallega dagskrárkostnaður sem var 70 m.kr. og laun 20 m.kr. Fjármagnsgjöld námu 83 m.kr. sem sé 117 m.kr. lækkun frá fyrra ári, en mestu munar um að gengishagnaður sé 75 m.kr. en á fyrra ári var gengistapið 69 m.kr.

Rekstrarhagnaður fyrir fjármagnsgjöld nam 115 m.kr. samanborið við tap 80,7 m.kr. fyrir sama tímabil í fyrra. Afkoma fyrir tekjuskatt nam 31,8 m.kr. en á sama tíma í fyrra nam tapið 281 m.kr.

Heildareignir samstæðunnar nema 8.868 m.kr. bókfært eigið fé í lok tímabilsins er 1.949 m.kr. og eiginfjárhlutfall samstæðunnar er 22%. Helstu breytingar á efnahag samstæðunnar frá áramótum séu vegna hækkun sýningarréttar um 700 m.kr. vegna samninga um sýningu á EM í knattspyrnu 2024 og 2028 og HM í handbolta 2023 og 2025.

Sveinn R. Reynisson endurskoðandi tók til máls og kynnti fyrir stjórn skýrslu þar sem gerð var grein fyrir helstu niðurstöðum könnunar á árshlutahlutareikningi samstæðu Ríkisútvarpsins fyrir fyrstu sex mánuði ársins 2021. Með skýrslunni sé upplýst um helstu reikningsskilamál og önnur mál sem komu í ljós við könnun þeirra, ásamt ábendingum og tillögum um úrbætur. Könnunin var unnin í samræmi við alþjóðlegan staðal ISRE 2410 um könnun óháðs endurskoðanda á árshlutahlutareikningum. Könnun árshlutahlutareiknings samstæðunnar fól í sér fyrirspurnum, einkum til starfsmanna sem séu ábyrgir fyrir fjármálum og reikningsskilum, ásamt greiningum og öðrum könnunaraðgerðum. Könnunin fól ekki í sér jafn víðtækar aðgerðir og endurskoðun sem unnin sé í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla og því gætu möguleg mikilvæg atriði sem ekki komi fram núna, komið í ljós við endurskoðun. Því sé ekki látið í ljós álit um endurskoðun.

Við ákvörðun mikilvægismarka sé lagt mat á hversu mikil skekkja yrði þess valdandi að upplýstur notandi árshlutareiknings samstæðu tæki aðra ákvörðun en væri skekkjan ekki til staðar. Mikilvægið við könnun árshlutareiknings 2021 var ákvarðað 120 millj. kr. í árituninni á samstæðuárshlutareikninginn komi fram að við könnun hafi ekkert komið fram sem bendi til að hann sé ekki í öllum meginatriðum í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal IAS 34 um árshlutareikninga. Ýmis atriði sem upp komu við könnunina hafa þegar verið yfirfarin með stjórnendum félagsins.

Sveinn kom á framfæri þakklæti til stjórnenda og starfsfólks fyrir samvinnuna á meðan á könnuninni stóð.

Árshlutareikningur samstæðu Ríkisútvarpsins var áritaður af stjórn. Fundi slitið.

*Jóhanna Hreiðarsdóttir, Jón Ólafsson, Björn Ólafsson, Marta Guðrún Jóhannesdóttir, Ragnheiður Elín Árnadóttir, Mörður Árnason, Guðlaugur G. Sverrisson, Hrafnhildur Halldórsdóttir, Stefán Eiríksson, Anna Bjarney Sigurðardóttir, Bryndís Dagsdóttir, Sveinn R. Reynisson, Margrét Magnúsdóttir*